

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 313 13. maí 1983 um tollfrjálsan
farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda, og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 3 200 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 800 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan er greinir í 1. og 2. málslíð 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 800 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 2 400 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 3 200 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 800 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ. m. t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlendis. Magn matvæla (þ. m. t. sælgæti) sem hver ferðamaður flytur til landsins má að hámarki nema 10 kg að þyngd, en andvirði þess má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 1600 kr. Innflutningur annars eldsneytis en er í innbyggðum eldsneytisgeymi bifreiðar er með öllu óheimill. Eldsneyti þetta má að hámarki vera 200 lítrar.

2. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	kr./l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	85
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar	100
3. Íslenskar áfengistegundir	340
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	420

B. Tóbak:

1. Reyktóbak	205 kr./tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	265 kr./200 stk.
3. Smávindlar	35 kr./10 stk.
Meðalstærð	140 kr./25 stk.
Vindlar, aðrir	185 kr./25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi töllyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 8. ágúst 1983.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ**um bann við togveiðum út af Húnaflóa.**

1. gr.

Frá og með 10. ágúst 1983, uns annað verður ákveðið, eru allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1)	66°22'22 N	21°26'21 V
2)	66°55'32 N	21°50'39 V
3)	66°59'37 N	20°37'01 V
4)	66°33'19 N	20°51'50 V
5)	66°19'55 N	20°45'52 V

Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er 12 sjómílnur frá grunnlínu, sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 10. ágúst 1983, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 589 28. júlí 1983, um bann við togveiðum á Strandagrunni.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.